

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Áslands, 4. áfanga.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 16. ágúst 2023 breytingu á deiliskipulagi Áslands, 4. áfanga. Helstu breytingar tillögunnar eru: Byggingarreitur leikskólans er stækkaður og bílastæði færð til. Göngubrú yfir Ásvallabraut færð til suðvesturs við hringtorgið, byggingarreitur raðhúsa við Axlarás stækka og þeim fjölgar sem og að hluti þeirra verður á tveimur hæðum. Lóð við Skógarás 2 stækkar. Einbýli við Virkisás 20 verður einnar hæðar. Einbýli við Hryggjarás 17 og 19 verða einnar hæðar. Á lóðum nr. 17-33 ofan götu við Virkisás og Hryggjarás 21 er val um að byggja einnar eða tveggja hæða einbýlishús. Felldur er niður göngustígur í grænum geira milli Axlaráss og Ásvallabrautar.

Uppdrættir ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 4. september 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 18. september 2023